

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/01

frá 22. apríl 2005

um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB og 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum í því skyni að laga þær að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB frá 17. júní 1997 um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja ⁽¹⁾, einkum 7. gr.,

Textanum í viðaukanum við tilskipun 97/24/EB er hér með breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE ⁽²⁾, einkum 17. gr.,

Texta II. og V. viðauka við tilskipun 2002/24/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa tilskipun.

3. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 97/24/EB er ein sértilskipananna innan ramma EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB.
- 2) Gera skal tæknilegar ráðstafanir þegar endurnýjunarhvarfakútar eru gerðarviðurkenndir sem aðskildar tæknieiningar til að tryggja viðeigandi mengunarvarnir. Gera skal ráðstafanir til að auðvelda framfylgd í aðildarríkjunum með merkingu bæði á endurnýjunarhvarfakútum og umbúðum þeirra.
- 3) Uppfæra skal gerðarviðurkenningartákn aðildarríkjanna fyrir Möltu og Kýpur, í V. viðauka við tilskipun 2002/24/EB.
- 4) Breyta ber tilskipunum 97/24/EB og 2002/24/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum.

1. Með tilliti til nýrra endurnýjunarhvarfakúta, sem ætlaðir eru til ísetningar í ökutæki sem hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við tilskipun 97/24/EB, er aðildarríkjunum, frá og með 18. maí 2006, óheimilt:

- a) að synja um EB-gerðarviðurkenningu á grundvelli 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/24/EB,
- b) að banna sölu eða ísetningu í ökutæki.

2. Frá og með 18. maí 2006 skulu aðildarríkin, af ástæðum er varða ráðstafanir gegn loftmengun, leyfilegt hljóðstig eða ráðstafanir gegn óheimilum breytingum, ekki lengur gefa út EB-gerðarviðurkenningu skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/24/EB fyrir nýjan endurnýjunarhvarfakút, fullnægi hann ekki tilskipun 97/24/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 17. maí 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 18. maí 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 106, 27.4.2005, bls. 17. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 3.

(1) Stjtið. EB L 226, 18.8.1997, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/77/EB (Stjtið. ESB L 211, 21.8.2003, bls. 24).

(2) Stjtið. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. apríl 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

I. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 97/24/EB

1. Ákvæðum 5. kafla viðauka við tilskipun 97/24/EB er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi nýjar tilvísanir bætist við „SKRÁ YFIR VIÐAUKA“:

- „VII. VIÐAUKI gerðarviðurkenning á endurnýjunarhvarfakútum sem eru aðskildar tæknieiningar fyrir vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum
1. viðbætur Upplýsingaskjal er varðar endurnýjunarhvarfakút sem aðskilda tæknieiningu fyrir gerð vélknúinna ökutækja sem er á tveimur eða þremur hjólum
2. viðbætur Gerðarviðurkenningarvottorð er varðar endurnýjunarhvarfakút sem aðskilda tæknieiningu fyrir gerð vélknúinna ökutækja sem er á tveimur eða þremur hjólum
3. viðbætur Sýnishorn af gerðarviðurkenningarkerki

b) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

i) eftirfarandi liðir 1.4., 1.5 og 1.6 bætist við:

- „1.4. „upprunalegur hvarfakútur“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta sem gerðarviðurkenning ökutækisins tekur til,
- 1.5. „hvarfakútur til endurnýjunar“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta sem á að koma í stað upprunalegs hvarfakúts í ökutæki, sem er gerðarviðurkennt samkvæmt þessum kafla, og sem hægt er að gerðarviðurkenna sem aðskilda tæknieiningu eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/24/EB,
- 1.6. „upprunalegur endurnýjunarhvarfakútur“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta af gerð sem er tilgreind í 5-lið í VI. viðauka og handhafi gerðarviðurkenningar ökutækisins setur á markað sem aðskilda tæknieiningu.“

ii) Eftirfarandi liður 2.3 bætist við:

- „2.3. **Skýringarmynd og merkingar**
- 2.3.1. Skýringarmynd og þversniðsteikning, þar sem tilgreind eru mál upprunalegs hvarfakúts (ef hann var fyrir hendi), verða að fylgja skjalinu sem um getur í V. viðauka.
- 2.3.2. Allir upprunalegir hvarfakútar skulu bera „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna. Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg (ef kostur er) á þeim stað þar sem henni er ætlað að vera.“

iii) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

- „5. ENDURNÝJUNARHVARFAKÚTAR OG UPPRUNALEGIR ENDURNÝJUNARHVARFAKÚTAR
- 5.1. Endurnýjunarhvarfakútar, sem setja á í gerðarviðurkennd ökutæki samkvæmt þessum kafla, skulu prófaðir í samræmi við VII. viðauka.
- 5.2. Upprunalegir endurnýjunarhvarfakútar af gerð, sem fellur undir 5. lið í VI. viðauka og sem ætlaðir eru til ísetningar í ökutæki sem viðkomandi gerðarviðurkenningarskjal á við um, þurfa ekki að vera í samræmi við VII. viðauka, að því tilskildu að þeir uppfylli kröfur sem koma fram í liðum 5.2.1 og 5.2.2. í þessum viðauka.
- 5.2.1. *Merking*
- Á upprunalegum endurnýjunarhvarfakútum skulu a.m.k. vera upplýsingar um eftirfarandi:
- 5.2.1.1. nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- 5.2.1.2. tegund og einkennandi hlutarnúmer.

5.2.2. *Upplýsingar*

Upprunalegum endurnýjunarhvarfakútum skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

- 5.2.2.1. nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- 5.2.2.2. tegund og einkennandi hlutarnúmer,
- 5.2.2.3. ökutæki, sem upprunalegur endurnýjunarhvarfakútur er viðurkenndur fyrir skv. 5. lið í VI. viðauka,
- 5.2.2.4. leiðbeiningar um ísetningu ef þörf krefur,
- 5.2.2.5. þessar upplýsingar skulu annaðhvort veittar í bæklingi sem fylgir upprunalega endurnýjunarhvarfakútnum eða á umbúðunum sem upprunalegi endurhvarfakúturinn er seldur í, eða með öðru móti sem við á.“

c) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

i) eftirfarandi liðir 1.7., 1.8. og 1.9. bætist við:

- „1.7. „upprunalegur hvarfakútur“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta sem gerðarviðurkenning ökutækisins tekur til,
- 1.8. „hvarfakútur til endurnýjunar“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta sem eiga að koma í stað upprunalegs hvarfakúts í ökutæki, sem er gerðarviðurkennt samkvæmt þessum kafla, og sem hægt er að gerðarviðurkenna sem aðskilda tæknieiningu eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/24/EB,
- 1.9. „upprunalegur endurnýjunarhvarfakútur“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta af gerð sem er tilgreind í 5. lið í VI. viðauka og handhafi gerðarviðurkenningar ökutækisins setur á markað sem aðskilda tæknieiningu.“

ii) Eftirfarandi liður 2.4 bætist við:

„2.4. **Skýringarmynd og merkingar**

- 2.4.1. Skýringarmynd og þversniðsteikning, þar sem tilgreind eru mál upprunalegs hvarfakúts (ef hann var fyrir hendi), verða að fylgja skjalinu sem um getur í V. viðauka.
- 2.4.2. Allir upprunalegir hvarfakútar skulu bera „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna. Þessi tilvisun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg (ef kostur er) á þeim stað sem henni er ætlað að vera“.

iii) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5. ENDURNÝJUNARHVARFAKÚTAR OG UPPRUNALEGIR ENDURNÝJUNARHVARFAKÚTAR

- 5.1. Endurnýjunarhvarfakútar, sem setja á í gerðarviðurkennd ökutæki samkvæmt þessum kafla, skulu prófaðir í samræmi við VII. viðauka.
- 5.2. Upprunalegir endurnýjunarhvarfakútar af gerð, sem fellur undir 5. lið í VI. viðauka, og sem ætlaðir eru til ísetningar í ökutæki sem viðkomandi gerðarviðurkenningarskjal á við um, þurfa ekki að vera í samræmi við VII. viðauka, að því tilskildu að þeir uppfylli kröfur sem koma fram í liðum 5.2.1 og 5.2.2. í þessum viðauka.
- 5.2.1. *Merking*

Á upprunalegum endurnýjunarhvarfakútum skulu a.m.k. vera upplýsingar um eftirfarandi:

 - 5.2.1.1. nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins.
 - 5.2.1.2. tegund og einkennandi hlutarnúmer.

5.2.2. *Upplýsingar*

Upprunalegum endurnýjunarhvarfakútum skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

- 5.2.2.1. nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins.
- 5.2.2.2. tegund og einkennandi hlutarnúmer.
- 5.2.2.3. ökutæki, sem upprunalegur endurnýjunarhvarfakútur er viðurkenndur fyrir skv. 5. lið í VI. viðauka.
- 5.2.2.4. leiðbeiningar um ísetningu ef þörf krefur.
- 5.2.2.5. þessar upplýsingar skulu annaðhvort veittar í bæklingi sem fylgir upprunalega endurnýjunarhvarfakútnum eða á umbúðunum sem upprunalegi endurhvarfakúturinn er seldur í, eða með öðru móti sem við á.“

d) Í VI. viðauka er eftirfarandi lið 4a skotið inn:

- „4a. Hvarfakútar.
- 4a.1. Tegund og gerð upprunalegs hvarfakúts eins og tilgreint er í lið 3.2.12.2.1 í V. viðauka (upplýsingaskjalið).
- 4a.2. Tegund og gerð upprunalegs endurnýjunarhvarfakúts eins og tilgreint er í lið 3.2.12.2.1 í V. viðauka (upplýsingaskjalið).

e) Eftirfarandi bætist við sem VII. viðauki:

„VII. VIÐAUKI

**GERÐARVIÐURKENNING Á ENDURNÝJUNARHVARFAKÚTUM SEM ERU AÐSKILDAR TÆKNIEININGAR
FYRIR VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI Á TVEIMUR EÐA ÞREMUR HJÓLUM**

Þessi viðauki gildir um gerðarviðurkenningu hvarfakúta sem aðskildar tæknieiningar, í skilningi 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/24/EB, sem á að setja í eina eða fleiri gerðir vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum sem varahluti.

1. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1.1. „upprunalegur hvarfakútur“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta sem gerðarviðurkenning ökutækisins tekur til
- 1.2. „hvarfakútur til endurnýjunar“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta sem eiga að koma í stað upprunalegs hvarfakúts í ökutæki, sem er gerðarviðurkennt samkvæmt þessum kafla, og sem hægt er að gerðarviðurkenna sem aðskilda tæknieiningu eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/24/EB,
- 1.3. „upprunalegur endurnýjunarhvarfakútur“: hvarfakútur eða samstæða hvarfakúta af gerð sem er tilgreind í 5-lið í VI. viðauka og handhafi gerðarviðurkenningar ökutækisins setur á markað sem aðskilda tæknieiningu,
- 1.4. „gerð hvarfakúts“: hvarfakútar sem eru eins að því er eftirtalin meginatriði varðar:
 - 1.4.1. fjölda hjúpaðra undirstöðuefna, byggingu og efni,
 - 1.4.2. tegund hvörfunar (oxun, þrívirk o.s.frv.),
 - 1.4.3. rúmmál, hlutfall framhliðar og lengdar undirstöðuefnis,
 - 1.4.4. innihald hvataefnis,
 - 1.4.5. hlutfall hvataefnis,

- 1.4.6. þéttleika hólfa,
- 1.4.7. *mál og lögur,*
- 1.4.8. hitavörn,
- 1.5. „gerð ökutækis með tilliti til útblásturs mengandi lofttegunda frá hreyfli“: flokkur vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum sem eru öll eins að því er eftirtalin meginatriði varðar:
- 1.5.1. tregðujafngildi sem ákvarðað er með tilvísun til viðmiðunarmassa eins og mælt er fyrir um í lið 5.2. í 1. viðbæti I. eða II. viðauka (ræðst af gerð ökutækis),
- 1.5.2. eiginleika hreyfils og vélknúins ökutækis á tveimur eða þremur hjólum eins og þau eru skilgreind í V. viðauka,
- 1.6. „mengandi lofttegundir“: kolsýringur, vetniskolefni og köfnunarefnisoxíð gefið upp sem ígildi köfnunarefnisdíoxíðs (NO²).
2. UMSÓKN UM GERÐARVIÐURKENNINGU
- 2.1. Framleiðandi kerfisins eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir gerð endurnýjunarhvarfakúts sem telst aðskilin tækniéining.
- 2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.
- 2.3. Umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð af hvarfakútum, sem sótt er um viðurkenningu fyrir, skulu fylgja neðangreind skjöl í þríriti og eftirfarandi upplýsingar:
- 2.3.1. lýsing á gerð(um) ökutækis sem búnaðurinn er ætlaður með tilliti til eiginleika sem um getur í lið 1.1. í I. og II. viðauka (ræðst af gerð ökutækis),
- 2.3.2. tölur og/eða tákni sem auðkenna gerð hreyfils og ökutækis,
- 2.3.3. lýsing á endurnýjunarhvarfakútum þar sem tilgreind er afstaða og staðsetning hvers íhlutar ásamt leiðbeiningum um ísetningu,
- 2.3.4. teikningar af hverjum íhlut þannig að auðvelt sé að finna og þekkja hann og upplýsingar um efni sem notuð eru í þessum teikningum skal einnig sýna hvar hið lögboðna gerðarviðurkenningarnúmer skal sett.
- 2.4. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
- 2.4.1. Ökutæki sem eru viðurkennd í samræmi við þennan kafla og búin nýjum, upprunalegum hvarfakútum. Umsækjandi velur ökutækin að fengnu samþykki tækniþjónustunnar. Þau skulu vera í samræmi við kröfur 3. liðar í I., II. og III. viðauka (ræðst af gerð ökutækis). Mengunarvarnarkerfi prófunarökutækisins skal vera gallalaust; gera skal við eða skipta um alla upprunalega hluti sem tengjast losun og eru mikið slitnir eða bilaðir. Prófunarökutækin skulu vera rétt stillt og í stöðu sem sagt er fyrir um í forskrift framleiðanda áður en losunarprófun er gerð.
- 2.4.2. Eitt eintak af gerð hvarfakúts til endurnýjunar. Eintakið skal greinilega og óafmáanlega merkt með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda.
3. VEITING GERÐARVIÐURKENNINGAR
- 3.1. Þegar prófunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka er lokið skal lögbært yfirvald gefa út vottorð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 2. viðauka.
- 3.2. Allar viðurkenndar gerðir endurnýjunarhvarfakúta skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði V. viðauka við tilskipun 2002/24/EB. Sama aðildarríki skal ekki úthluta annarri gerð hvarfakúts til endurnýjunar sama númeri. Sama gerðarviðurkenningarnúmer getur náð yfir notkun þessarar gerðar hvarfakúta til endurnýjunar á mismunandi gerðum ökutækja.

4. KRÖFUR UM MERKINGAR

- 4.1. Gerðarviðurkenningamerki, sem er í samræmi við kröfur 8. gr. tilskipunar 2002/24/EB, skal vera á öllum endurnýjunarhvarfakútum sem samrýmast gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun sem aðskilin tæknieining, að undanskildum tengibúnaði og rörum, auk frekari upplýsinga sem um getur í lið 4.2 í þessum viðauka. Gerðarviðurkenningamerkið verður að vera auðlæsilegt og óafmáanlegt og einnig sjáanlegt (ef kostur er) á þeim stað sem því er ætlað að vera.

Stærð „a“ skal vera ≥ 3 mm.

4.2. **Frekari upplýsingar sem fram koma í gerðarviðurkenningamerkinu**

- 4.2.1. Á gerðarviðurkenningamerkinu skulu allir endurnýjunarhvarfakútar, að undanskildum tengibúnaði og rörum, bera númer kafla sem gerðarviðurkenningin hefur verið veitt.

- 4.2.1.1. Endurnýjunarhvarfakútur sem er ein eining þar sem hvarfakúturinn og útblásturskerfið (hljóðdeyfirinn) eru sambyggð

Á eftir gerðarviðurkenningamerkinu, sem um getur í lið 4.1, skulu koma tveir hringir utan um tölur 5 og 9.

- 4.2.1.2. Endurnýjunarhvarfakútur aðskilinn frá útblásturskerfinu (hljóðdeyfir)

Á eftir gerðarviðurkenningamerkinu sem um getur í lið 4.1 sem sett er á endurnýjunarhvarfakútinn skal koma hringur utan um tölustafinn 5.

Sýnishorn af gerðarviðurkenningamerkjum er að finna í 3. viðbæti.

5. KRÖFUR

5.1. **Almennar kröfur**

Hönnun, smíði og ísetning endurnýjunarhvarfakútsins verður að vera þannig:

- 5.1.1. að ökutækið uppfylli kröfur viðaukans við eðlilega notkun, þrátt fyrir titring sem það kann að verða fyrir,
- 5.1.2. að endurnýjunarhvarfakúturinn hafi hæfilegt viðnám gegn tæringu miðað við eðlilega notkun ökutækisins,
- 5.1.3. að hæð hvarfakútsins yfir jörðu, jafnvel þegar ökutæki hallast, sé ekki minni en ráð var gert fyrir þegar upprunalegi hvarfakúturinn var settur í,
- 5.1.4. ytri fletir verði ekki óeðlilega heitir,
- 5.1.5. brúnir hans séu hvorki ójafnar né beittar,
- 5.1.6. höggdeyfar og fjöðrun hafi nægilegt hreyfirými,
- 5.1.7. gert sé ráð fyrir nægilegt hreyfirými um rör,
- 5.1.8. hann standist högg að því marki sem skýrt skilgreindar reglur um viðhald og ísetningu krefjast,
- 5.1.9. að endurnýjunarhvarfakútur skal vera búinn jafngildri vörn ef upprunalegi hvarfakúturinn er búinn hitavörn,
- 5.1.10. að setja hann á sama stað og upprunalegi hvarfakúturinn var, ef súrefnisskynjari og aðrir skynjarar eru upphaflega settir í útblásturskerfið, og staða súrefnisskynjara í útblásturskerfinu og annarra skynjara, ef við á, skal vera óbreytt.

- 5.2. **Kröfur varðandi losun**
- 5.2.1. Ökutækið sem um getur í lið 2.4.1 og búið er endurnýjunarhvarfakút af þeirri gerð sem óskað er gerðarviðurkenningu fyrir skal prófað í samræmi við 1. og 2. viðbæti við I., II. eða III. viðauka (í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækis) (*).
- 5.2.1.1. Mat á losun mengunarefna frá ökutækjum sem búin eru endurnýjunarhvarfakúti
- Kröfur varðandi losun teljast uppfylltar ef prófunarökutækið, sem búið er endurnýjunarhvarfakútnum, er í samræmi við viðmiðunarmörk skv. I., II. eða III. viðauka (í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækis) (**).
- Ef sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir mismunandi gerðir ökutækja frá sama framleiðanda og ef þær ólíku gerðir ökutækja eru búnar upprunalegum hvarfakútnum sömu gerðar er heimilt að takmarka prófun I við a.m.k. tvö ökutæki sem skulu valin með samþykki tæknipjónustunnar sem ber ábyrgð á viðurkenningunni.
- 5.2.2. Kröfur varðandi leyfilegt hljóðstig
- Ökutækið sem um getur í lið 2.4.1 og búið er endurnýjunarhvarfakút af þeirri gerð sem óskað er gerðarviðurkenningu fyrir skal uppfylla kröfur 3. liðar í II., III. eða IV. viðauka við 9. kafla (ræðst af gerðarviðurkenningu ökutækis). Niðurstöður prófana á ökutæki á ferð og í kyrrstöðu skulu koma fram í prófunarskýrslu.
- 5.3. **Prófun á vinnslu ökutækis**
- 5.3.1. Endurnýjunarhvarfakúturinn skal vera þannig gerður að tryggt sé að vinnsla ökutækis sé sambærileg og þegar upprunalegi hvarfakúturinn var notaður.
- 5.3.2. Endurnýjunarhvarfakútin skal bera saman við upprunalegan hvarfakút, sem einnig er nýr, sem var komið fyrir í ökutækinu sem um getur í lið 2.4.1.
- 5.3.3. Prófað er á mismunandi snúningshraða hreyfilsins. Þegar mælingar eru gerðar með endurnýjunarhvarfakútnum skal hámarksafli og hámarksbraði ekki víkja meira en $\pm 5\%$ frá samsvarandi hraða sem mældur er við sömu skilyrði með upprunalega hvarfakútnum.
6. **SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU**
- Ákvæði VI. viðauka við tilskipun 2002/24/EB gilda um prófun á samræmi framleiðslu.
- Við prófun á samræmi, eins og kveðið er á um hér að framan, skal taka sýnishorn af gerðarviðurkenndum endurnýjunarhvarfakútnum samkvæmt þessum viðauka.
- Framleiðslan telst samrýmast ákvæðum þessa viðauka ef kröfur í lið 5.2 (kröfur varðandi losun) og lið 5.3 (prófun á vinnslu ökutækis) eru uppfylltar.
7. **UPPLÝSINGAR**
- 7.1. Öllum nýjum endurnýjunarhvarfakútnum skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:
- 7.1.1. nafn eða vörumerki framleiðanda hvarfakútsins,
- 7.1.2. ökutækin (þ.m.t. framleiðsluár) sem endurnýjunarhvarfakúturinn er samþykktur fyrir.
- 7.1.3. leiðbeiningar um ísetningu ef þörf krefur.
- 7.2. Þessar upplýsingar skulu veittar annaðhvort í bæklingi sem fylgir með endurnýjunarhvarfakútnum, eða á umbúðunum sem endurhvarfakúturinn er seldur í, eða með öðru móti sem við á.

(*) Eins og kveðið er á um í þessari tilskipun í þeirri útgáfu sem gildir um gerðarviðurkenningu þessa ökutækis.

(**) Eins og kveðið er á um í þessari tilskipun í þeirri útgáfu sem gildir um gerðarviðurkenningu þessa ökutækis.

1. viðbætur

Upplýsingaskjal er varðar endurnýjunarhvarfakút sem aðskilda tæknieiningu fyrir gerð ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum

Raðnúmer (sem umsækjandi tilgreinir)

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir endurnýjunarhvarfakút fyrir gerð ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum:

1. Tegund búnaðar:
2. Gerð búnaðar:
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda búnaðar:
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda búnaðarins, ef við á:
5. Tegund og gerð ökutækis sem búnaðurinn er hannaður fyrir (***):
6. Teikningar af endurnýjunarhvarfakút þar sem fram koma allir þeir eiginleikar sem um getur í lið 1.4 í VII. viðauka við 5. kafla sem fylgir tilskipun 97/24/EB:
7. Lýsing og teikningar sem sýna stöðu endurnýjunarhvarfakúts miðað við útblástursgrein(ar) hreyfilsins og súrefnisskynjara (ef hann er fyrir hendi):
8. Takmarkanir á notkun og leiðbeiningar um ísetningu:
9. Upplýsingar sem skráðar eru í a-lið 1. hluta II. viðauka við tilskipun 2002/24/EB:
 - 0.1,
 - 0.2,
 - 0.5,
 - 0.6,
 - 2.1,
 - 3,3
 - 0,3.
 - 1,3.
 - 1.1,
 - 3.2.
 - 1.7,
 - 3.2.
 - 12, 4 til 4.4.2,
 - 4.5,
 - 4.6,
 - 5.2.

(***) Strikið yfir það sem á ekki við.

2. viðbætur

Gerðarviðurkenningarvottorð er varðar endurnýjunarhvarfakút fyrir gerð ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum

Heiti yfirvalds

Skýrsla nr.: gefin út af tækniþjónustunni: Dags.:


Gerðarviðurkenningarnúmer: Nr. framlengingar:

1. Tegund búnaðar:
2. Gerð búnaðar:
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda búnaðar:
.....
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda búnaðarins, ef við á:
.....
5. Tegund og gerð og öll afbrigði og útfærslur ökutækis sem búnaðurinn er hannaður fyrir:
.....
6. Dags. er búnaður er afhentur til prófunar:
7. Gerðarviðurkenning veitt/synjað (****):
8. Staður:
9. Dags.:
10. Undirskrift:


(****) Strikið yfir það sem á ekki við.

3. viðbætur


Sýnishorn af gerðarviðurkenningamerki



Gerðarviðurkenningamerkið sem sýnt er hér að ofan var veitt af Þýskalandi [e₁] með númerinu 1230 fyrir endurnýjunarhvarfakút sem er ein eining þar sem hvarfakúturinn og útblásturskerfið (hljóðdeyfirinn) eru sambyggð.



Gerðarviðurkenningamerkið sem sýnt er hér að ofan var veitt af Þýskalandi [e₁] með númerinu 1230 fyrir endurnýjunarhvarfakút sem er aðskilinn frá útblásturskerfinu (hvarfakútur og hljóðdeyfir eru ekki ein eining).



Gerðarviðurkenningamerkið sem sýnt er hér að ofan var veitt af Þýskalandi [e₁] með númerinu 1230 fyrir hljóðdeyfi sem ekki er upprunalegur og ekki sambyggður hvarfakútnum (hvarfakútur og hljóðdeyfir ekki ein eining eða ökutæki ekki búið hvarfakúti) (sjá 9. kafla).“

2. 7. kafla viðauka við tilskipun 97/24/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1,10. komi eftirfarandi:

„1.10. „útblásturskerfi“: samsetning útblástursrörs, þenslukúts, útblásturshljóðdeyfis og hvarfakúts (ef hann er fyrir hendi).“

b) Eftirfarandi lið 3.10.1.3.7a er skotið inn:

„3.10.1.3.7a. hvarfakútur (aðeins ef hann er aðskilinn frá hljóðdeyfinum)“

3. Ákvæðum 9. kafla viðauka við tilskipun 97/24/EB er breytt sem hér segir:

a) Í „SKRÁ YFIR VIÐAUKA“ er eftirfarandi tilvísun í viðauka skotið inn milli „VI. viðauki“ og „VII. viðauki“:

„Viðbætur Sýnishorn af gerðarviðurkenningarkerfi ”

b) Eftirfarandi liður 3.5.5 bætist við II. viðauka:

„3.5.5. *Mat á losun mengunarefna frá ökutækjum sem búin eru hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar*

Ökutækið sem um getur í lið 3.2.3.3, sem búin er hljóðdeyfi af þeirri gerð sem sótt er um viðurkenningu fyrir, skal gangast undir prófun I og II, við þær aðstæður sem lýst er í samsvarandi viðauka við 5. kafla sem fylgir þessari tilskipun, í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækisins.

Kröfur varðandi losun skulu teljast uppfylltar ef niðurstöðurnar standast viðmiðunarmörk í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækisins.“

c) Eftirfarandi liður 3.5.5. bætist við III. viðauka:

„3.5.5. *Mat á losun mengunarefna frá ökutækjum sem búin eru hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar*

Ökutækið sem um getur í lið 3.2.3.3, sem búin er hljóðdeyfi af þeirri gerð sem sótt er um viðurkenningu fyrir, skal gangast undir prófun I og II, við þær aðstæður sem lýst er í samsvarandi viðauka við 5. kafla sem fylgir þessari tilskipun, í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækisins.

Kröfur varðandi losun skulu teljast uppfylltar ef niðurstöðurnar standast viðmiðunarmörk í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækisins.“

d) Eftirfarandi liður 3.5.5 bætist við IV. viðauka:

„3.5.5. *Mat á losun mengunarefna frá ökutækjum sem búin eru hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar*

Ökutækið sem um getur í lið 3.2.3.3, sem búin er hljóðdeyfi af þeirri gerð sem sótt er um viðurkenningu fyrir, skal gangast undir prófun I og II, við þær aðstæður sem lýst er í samsvarandi viðauka við 5. kafla sem fylgir þessari tilskipun, í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækisins.

Kröfur varðandi losun skulu teljast uppfylltar ef niðurstöðurnar standast viðmiðunarmörk í samræmi við gerðarviðurkenningu ökutækisins.“

e) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

i) Í stað liðar 1.3 komi eftirfarandi:

„1.3. gerðarviðurkenningarkerfið búin til og komið fyrir í samræmi við kröfur 8. gr. tilskipunar 2002/24/EB auk frekari upplýsinga sem um getur í lið 6 í þessum viðauka. Stærð „a“ skal vera ≥ 3 mm.“


ii) Eftirfarandi 6. liður bætist við:

- „6. FREKARI UPPLÝSINGAR SEM FRAM KOMA Í GERÐARVIÐURKENNINGARMERKINU
- 6.1. Á gerðarviðurkenningamerkinu skal útblásturskerfið eða íhlutar þess sem ekki eru upprunalegir, að undanskildum tengibúnaði og rörum, bera númer kaflans eða kaflanna sem gerðarviðurkenningin hefur verið veitt, nema eins og getið er um í lið 6.1.3.
- 6.1.1. *Útblásturskerfi sem ekki er upprunalegt og er ein eining þar sem hljóðdeyfirinn og hvarfakúturinn eru sambyggðir*
- Á eftir gerðarviðurkenningamerkinu sem um getur í lið 1.3 skulu koma tveir hringir utan um tölurnar 5 og 9.
- 6.1.2. *Útblásturskerfi sem ekki er upprunalegt og er aðskilið frá hvarfakútnum*
- Á eftir gerðarviðurkenningamerkinu, sem um getur í lið 1.3, sem sett er á hljóðdeyfirinn, skal koma hringur utan um töluna 9.
- 6.1.3. *Útblásturskerfi sem ekki er upprunalegt og er ein eining (hljóðdeyfir) fyrir ökutæki sem eru ekki gerðarviðurkennd skv. 5. kafla*
- Á eftir gerðarviðurkenningamerkinu, sem um getur í 1.3 og sett er á hljóðdeyfirinn, skulu ekki koma neinar frekari upplýsingar.
- Sýnishorn af gerðarviðurkenningamerkjum er að finna í viðaukanum.“


iii) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„Viðbætur


Sýnishorn af gerðarviðurkenningamerki



Gerðarviðurkenningamerkið sem sýnt er hér að ofan var veitt af Frakklandi [e₂] með númerinu 6789 fyrir útblásturskerfi, sem ekki er upprunalegt, sem er ein eining þar sem hljóðdeyfirinn og hvarfakúturinn eru sambyggðir.




Gerðarviðurkenningamerkið sem sýnt er hér að ofan var veitt af Frakklandi [e₂] með númerinu 6789 fyrir hljóðdeyfi sem ekki er upprunalegur og ekki sambyggður hvarfakútnum (hvarfakútur og hljóðdeyfir ekki ein eining eða ökutæki ekki búið hvarfakúti) (sjá 9. kafla).



6789 5

Gerðarviðurkenningarmarkið sem sýnt er hér að ofan var veitt af Frakklandi [e₂] með númerinu 6789 fyrir endurnýjunarhvarfakút sem er aðskilinn frá útblásturskerfinu (hvarfakútur og hljóðdeyfir eru ekki ein eining) (sjá 5. kafla).



6789

Gerðarviðurkenningarmarkið sem sýnt er hér að ofan var veitt af Frakklandi [e₂] með númerinu 6789 fyrir útblásturskerfi, sem ekki er upprunalegt, og sem eru ætlaðir til að setja í ökutæki sem ekki eru gerðarviðurkennd skv. 5. kafla“

—

II. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 2002/24/EB

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2002/24/EB:

a) Í stað liðar 3.2.12 í II. viðauka komi eftirfarandi:

- „3.2.12. Ráðstöfun til mengunarvarna
- 3.2.12.1. Búnaður til að endurvinna loft í sveifarhúsi, einungis ef um er að ræða fjörgengishreyfla (lýsing og teikningar):
 - 3.2.12.2. Aðrar mengunarvarnir (ef einhverjar eru og falla ekki undir aðra liði):
 - 3.2.12.2.1. Hvarfakútur: já/nei (*)
 - 3.2.12.2.1.1. Fjöldi hvarfakúta og eininga:
 - 3.2.12.2.1.2. Stærð, löggun og rúmtak hvarfakúts eða -kúta:
 - 3.2.12.2.1.3. Gerð hvörfunar:
 - 3.2.12.2.1.4. Heildarmagn góðmálma:
 - 3.2.12.2.1.5. Hlutfallslegur styrkleiki:
 - 3.2.12.2.1.6. Undirstöðuefni (bygging og efni):
 - 3.2.12.2.1.7. Þéttleiki hólfá:
 - 3.2.12.2.1.8. Gerð húss utan um hvarfakút eða -kúta:
 - 3.2.12.2.1.9. Staðsetning hvarfakúts eða -kúta (staður og viðmiðunarfjarlægð í útblásturskerfinu):
 - 3.2.12.2.2. Súrefnisskynjari: já/nei (*)
 - 3.2.12.2.2.1. Gerð:
 - 3.2.12.2.2.2. Staðsetning:
 - 3.2.12.2.2.3. Stjórnsvið:
 - 3.2.12.2.3. Loftinnæling: já/nei (*)
 - 3.2.12.2.3.1. Gerð (streymandi loft, loftdæla o.s.frv.):
 - 3.2.12.2.4. Útblásturshringrás: já/nei (*)
 - 3.2.12.2.4.1. Eiginleikar (loftstreymi o.s.frv.):
 - 3.2.12.2.5. Önnur kerfi (lýsing og vinnsluháttur):

(*) Stríkið yfir það sem á ekki við.“

b) Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á V. viðauka:

- i) á listanum í 1. tölulið í 1. lið undir A-lið kemur textinn „49 fyrir Kýpur“ og „50 fyrir Möltu“ í stað: „CY fyrir Kýpur“ og „MT fyrir Möltu“.
- ii) á listanum í tölulið 1.1 undir B-lið, kemur textinn „49 fyrir Kýpur“ og „50 fyrir Möltu“ í stað „CY fyrir Kýpur“ og „MT fyrir Möltu“.